

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (III).

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 465/2012 frá 22. maí 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 skal öðlast gildi hér á landi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á VI. viðauka (félagslegt öryggi) og bókun 37 við EES-samninginn, sbr. einnig 3. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum, og bókun 1 við EES-samninginn.

Reglugerðin skal gilda með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

2. gr.

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin er upp í 2. gr. reglugerðar nr. 442/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar og velferðarráðuneytið fer með.

Í reglugerð nr. 618/2013 er kveðið á um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar nr. 443/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum og til barnabóta (I)) og fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með.

3. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2013 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 31, frá 30. maí 2013, bls. 23, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 465/2012, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 16, frá 14. mars 2013, bls. 244, eru birtar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, 6. mgr. 42. gr. og 64. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum, og 55. gr., sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 11. júní 2013.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

Fylgiskjal 1.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 14/2013**

frá 1. febrúar 2013

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 465/2012 frá 22. maí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almanna-tryggingakerfa og reglugerð (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 ⁽¹⁾.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði VI. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004):
„– **32012 R 0465**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 465/2012 frá 22. maí 2012 (Stjtið. ESB L 149, 8.6.2012, bls. 4).“
2. Eftirfarandi bætist við í 2. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009):
„eins og henni var breytt með:
– **32012 R 0465**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 465/2012 frá 22. maí 2012 (Stjtið. ESB L 149, 8.6.2012, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 465/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 149, 8.6.2012, bls. 4.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Nr. 617

11. júní 2013

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 465/2012**

frá 22. maí 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004**(Texti sem varðar EES og samning ESB og Sviss)**

EVROÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 48. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽¹⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að taka lagabreytingar í tilteknum aðildarríkjum til greina og tryggja hagsmunaaðilum réttarvissu er nauðsynlegt að aðlaga reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 ⁽²⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 ⁽³⁾.
- 2) Tekið var við viðeigandi tillögum er varða samræmingu almannatryggingakerfa frá framkvæmdaráðinu um samræmingu almannatryggingakerfa með það í huga að bæta löggjöf Sambandsins og færa hana til nútímahorfs og eru þær hafðar með í þessari reglugerð.
- 3) Breytingar á félagslegum veruleika geta haft áhrif á samræmingu almannatryggingakerfa. Til þess að bregðast við slíkum breytingum eru breytingar nauðsynlegar með tilliti til ákvörðunar á gildandi löggjöf og ákvörðunar atvinnuleysisbóta.
- 4) Hugtakið „heimahöfn“ fyrir flugliða og öryggis- og þjónustuliða samkvæmt lögum Sambandsins er skilgreint í III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnábyrgðum á sviði flugmála ⁽⁴⁾. Til að auðvelda beitingu á II. bálki reglugerðar (EB) nr. 883/2004 gagnvart þessum hópi einstaklinga er réttlætunlegt að semja sérreglu sem gerir hugtakið „heimahöfn“ að viðmiðun við ákvörðun á því hvaða löggjöf skuli gilda um flugliða og öryggis- og þjónustuliða. Engu að síður skal gildandi löggjöf um flugliða og öryggis- og þjónustuliða haldast og meginreglan um „heimahöfn“ ekki leiða til þess að gildandi löggjöf verði breytt margsinis vegna vinnumynstra innan atvinnugreinarinnar eða árstíðabundinnar eftirspurnar.
- 5) Þegar einstaklingur vinnur í tveimur eða fleiri aðildarríkjum skal það vera ljóst að skilyrðið um að „verulegur hluti“ starfa hans sé stundaður í skilningi 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 gildi einnig um einstaklinga sem starfa fyrir mismunandi fyrirtæki eða vinnuveitendur.
- 6) Breyta skal reglugerð (EB) nr. 883/2004 með því að setja inn nýtt ákvæði sem tryggir að sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem sækir vinnu yfir landamæri og verður með öllu atvinnulaus, fái bætur ef hann hefur lokið tryggingatímabilum sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða starfstímabilum sjálfstætt starfandi einstaklings, sem eru viðurkennd með tilliti til þess að veita atvinnuleysisbætur í lögbæra aðildarríkinu, og ef ekkert atvinnuleysisbótakerfi fyrirfinnst í búsetuaðildarríkinu fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga. Endurskoða skal það ákvæði í ljósi reynslunnar, að loknu tveggja ára framkvæmdatímabili, og breyta því ef þörf krefur.
- 7) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 til samræmis við það.

⁽¹⁾ Afastaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2012 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 10. maí 2012.⁽²⁾ Stjótið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.⁽³⁾ Stjótið. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 883/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í öllum textanum komi orðið „framkvæmdastjórn Evrópusambandsins“ í stað „framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna“.

2) Eftirfarandi forsenda bætist við:

„18b) Í III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnáætlunum á sviði flugmála ⁽⁵⁾ er hugtakið „heimahöfn“ fyrir flugliða og öryggis- og þjónustuliða skilgreint sem staður sem flugrekandi tilnefnir fyrir flugverja og þar sem flugverji alla jafna hefur og lýkur vakt eða röð vakta en við venjulegar aðstæður sé flugrekanda ekki skylt að sjá viðkomandi flugverja fyrir gístiaðstöðu þar. Til að auðvelda beitingu á II. bálki þessarar reglugerðar gagnvart flugliðum og öryggis- og þjónustuliðum er réttlætjanlegt að nota hugtakið „heimahöfn“ sem viðmiðun við ákvörðun á því hvaða löggjöf skuli gilda um flugliða og öryggis- og þjónustuliða. Engu að síður skal gildandi löggjöf um flugliða og öryggis- og þjónustuliða haldast og meginreglan um „heimahöfn“ ekki leiða til þess að gildandi löggjöf verði breytt margsinnis vegna vinnumynstra innan atvinnugreinarinnar eða árstíðabundinnar eftirspurnar.

3) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Yfirlýsingar aðildarríkjanna um gildissvið þessarar reglugerðar

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um yfirlýsingar sem gefnar eru í samræmi við 1-lið 1. gr., löggjöf og kerfin sem um getur í 3. gr., samninga sem gerðir eru eins og um getur í 2. mgr. 8. gr., lágmarksbætur sem um getur í 58. gr. og að tryggingakerfi sé ekki fyrir hendi eins og um getur í 1. mgr. 65. gr. a og einnig um mikilvægar breytingar. Í slíkum tilkynningum skal koma fram frá hvaða degi þessi reglugerð muni gilda um þau kerfi sem aðildarríkin tilgreina í tilkynningum sínum.

2. Þessar tilkynningar skulu sendar framkvæmdastjórninni ár hvert og birtar á tilskilinn hátt.“

4) Eftirfarandi málsgrein bætist við 11. gr.:

„5. Starf sem felur í sér að flugliði eða öryggis- og þjónustuliði veiti þjónustu, sem varðar flugfarþega eða farm, skal teljast vera starf sem stundað er í því aðildarríki þar sem heimahöfnin er, eins og hún er skilgreind í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91.“

5) Í stað 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„1. Einstaklingur, sem starfar sem launþegi í í aðildarríki fyrir hönd vinnuveitanda sem stundar að jafnaði starfsemi sína þar og er sendur til annars aðildarríkis til starfa fyrir vinnuveitandann, skal halda áfram að heyra undir löggjöf fyrra aðildarríkisins, að því tilskildu að áætlaður dvalartími sé ekki lengri en 24 mánuðir og að hann sé ekki sendur þangað til að leysa af annan útsendan einstakling.“

6) Í stað 1. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

„1. Einstaklingur, sem starfar að jafnaði sem launþegi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, skal heyra undir:

a) löggjöf búsetuaðildarríkis ef verulegur hluti starfa hans fer fram í því aðildarríki eða

b) ef verulegur hluti starfa hans fer ekki fram í búsetuaðildarríkinu:

(⁵) Stjóttíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.“

- i. löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð skrifstofa eða starfsstöð þess fyrirtækis eða vinnuveitanda, sem hann starfar hjá er, ef hann er ráðinn hjá einu fyrirtæki eða einum vinnuveitanda eða
- ii. löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð skrifstofa eða starfsstöð þeirra fyrirtækja eða vinnuveitenda sem hann starfar hjá er, ef hann er ráðinn hjá tveimur eða fleiri fyrirtækjum eða vinnuveitendum sem eru með skráða skrifstofu eða starfsstöð í aðeins einu aðildarríki eða
- iii. löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð skrifstofa eða starfsstöð þess fyrirtækis eða vinnuveitanda sem hann starfar hjá er, ef hann er ráðinn hjá tveimur eða fleiri fyrirtækjum eða vinnuveitendum sem eru með skráða skrifstofu eða starfsstöð í tveimur aðildarríkum og annað þeirra er búsetuaðildarríkið eða
- iv. löggjöf búsetuaðildarríkisins ef hann er ráðinn hjá tveimur eða fleiri fyrirtækjum eða vinnuveitendum og a.m.k. tvö þeirra eru með skráða skrifstofu eða starfsstöð í öðru aðildarríki en búsetuaðildarríkinu.“

7) Í stað málsgreinar 2a í 36. gr. komi eftirfarandi:

„2a. Þar til bær stofnun getur ekki neitað að veita einstaklingi, sem hefur orðið fyrir vinnuslysi eða fengið atvinnusjúkdóm og á rétt á aðstoð/bótum sem þeirri stofnun ber að standa straum af, þá heimild sem kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. ef viðeigandi lækni meðferð er ekki fyrir hendi í aðildarríkinu þar sem hann hefur fasta búsetu, innan tímamarka sem má réttlæta lækni meðferð eða mið er tekið af núverandi heilsufarsástandi hans og líklegri framvindu sjúkdómsins.“

8) Í stað 63. gr. komi eftirfarandi:

„63. gr.

Sérákvæði um að falla frá reglum um búsetu

Að því er þennan kafla varðar skal 7. gr. einungis gilda um þau tilvik sem kveðið er á um í 64., 65. og 65. gr. a og innan þeirra marka sem þar er mælt fyrir um.“

9) Eftirfarandi grein bætist við:

„65. gr. a

Sérákvæði fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem sækja vinnu yfir landamæri en eru með öllu atvinnulausir, ef ekkert atvinnuleysisbótakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga er fyrir hendi í búsetuaðildarríkinu

1. Þrátt fyrir 65. gr. skal einstaklingur, sem er með öllu atvinnulaus og hefur sem einstaklingur sem sækir vinnu yfir landamæri síðast lokið tryggingatímabilum sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða starfstímabilum sjálfstætt starfandi einstaklings, sem eru viðurkennd með tilliti til atvinnuleysisbóta í öðru aðildarríki en búsetuaðildarríki hans, og ef búsetuaðildarríki hans hefur lagt fram tilkynningu um að enginn möguleiki sé á að neinn flokkur sjálfstætt starfandi einstaklinga geti fallið undir atvinnuleysisbótakerfi í því aðildarríki, skrá sig og koma sér á framfæri hjá vinnumiðlun í aðildarríkinu þar sem hann stundaði síðast sjálfstæða starfsemi og skal, þegar hann sækir um bætur, áfram uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í löggjöf síðarnefnda aðildarríkisins. Einstaklingur sem er með öllu atvinnulaus getur þar að auki skráð sig hjá vinnumiðlun í búsetuaðildarríkinu.

2. Bætur til einstaklings, sem er með öllu atvinnulaus og um getur í 1. mgr., skulu veittar í því aðildarríki þar sem hann heyrði síðast undir löggjöf, í samræmi við þá löggjöf sem er beitt í því aðildarríki.

3. Ef einstaklingur, sem er með öllu atvinnulaus og um getur í 1. mgr., æskir þess ekki að vera eða vera lengur á skrá hjá vinnumiðlun aðildarríkisins þar sem hann starfaði síðast, eftir að hafa skráð sig þar, og vill leita að vinnu í búsetuaðildarríkinu skal 64. gr. gilda að breyttu breytanda, að undanskildum a-lið 1. mgr. 64. gr. Lögbæra stofnunin getur framlengt tímabilið, sem um getur í fyrsta málslið c-liðar 1. mgr. 64. gr., til loka bótaréttindatímabilsins.“

10) Í stað 2. mgr. 71. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdaráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta, eins og skilgreint er í sáttmálunum, nema þegar um er að ræða samþykkt eigin reglna, sem eru samdar með gagnkvæmu samkomulagi fulltrúa þess.“

Ákvarðanir um túlkunaratriði, sem um getur í a-lið 72. gr., skulu birtar á tilskilinn nauðsynlegan hátt.“

11) Eftirfarandi grein bætist við:

„87. gr. a

Umbreytingarákvæði vegna beitingar reglugerðar (ESB) nr. 465/2012

1. Ef einstaklingur heyrir undir, í kjölfar gildistöku reglugerðar (ESB) nr. 465/2012, í samræmi við II. bálk þessarar reglugerðar, löggjöf annars aðildarríkis en þess sem hann heyrði undir löggjöf hjá fyrir þá gildistöku skal löggjöf þess aðildarríkis, sem gildi fyrir þann dag, gilda áfram um hann á umbreytingarbili sem varir eins lengi og viðkomandi staða helst óbreytt og, hvað sem öðru líður, eigi lengur en í 10 ár frá gildistöku reglugerðar (ESB) nr. 465/2012. Þessi einstaklingur getur farið fram á að umbreytingartímabilið gildi ekki lengur um hann. Senda skal slíka beiðni til þeirrar stofnunar sem lögbær yfirvöld búsetuaðildarríkisins tilnefna. Beiðnir, sem eru lagðar fram eigi síðar en 29. september 2012, skulu taka gildi 28. júní 2012. Beiðnir, sem eru lagðar fram síðar en 29. september 2012, skulu taka gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að þær eru lagðar fram.

2. Eigi síðar en 29. júní 2014 skal framkvæmdaráðið meta framkvæmd þeirra ákvæða, sem mælt er fyrir um í 65. gr. a í þessari reglugerð, og leggja fram skýrslu um beitingu þeirra. Á grundvelli þessarar skýrslu getur framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, lagt fram tillögur um breytingu þessara ákvæða.“

12) Ákvæðum X. og XI. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 987/2009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar 1. mgr. 6. gr.:

„b) löggjöf búsetuaðildarríkis ef hlutaðeigandi einstaklingur vinnur sem launþegi eða starfar sjálfstætt í tveimur eða fleiri aðildarríkjum og stundar hluta af sínu starfi/starfsemi í búsetuaðildarríkinu, eða ef hlutaðeigandi einstaklingur er hvorki launþegi né sjálfstætt starfandi,

c) í öllum öðrum tilvikum, löggjöf þess aðildarríkis sem fyrst var óskað eftir að yrði beitt, svo framarlega sem einstaklingurinn starfar eða stundar starfsemi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.“

2) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Að því er varðar beitingu 1. mgr. 13. gr. grunnreglugerðarinnar skal einstaklingur sem „starfar að jafnaði sem launþegi í tveimur aðildarríkjum eða fleiri“ eiga við um einstakling sem stundar samtímis eða á vixl, fyrir sama fyrirtæki eða vinnuveitanda eða fyrir mismunandi fyrirtæki eða vinnuveitendur, eina eða fleiri tegundir aðskilinnar starfsemi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„5a. Að því er varðar beitingu á II. bálki grunnreglugerðarinnar skal „skráð skrifstofa eða starfstöð“ eiga við um skráða skrifstofu eða starfstöð þar sem mikilvægar ákvarðanir fyrirtækisins eru teknar og þar sem yfirstjórnin vinnur störf sín.

Að því er varðar 1. mgr. 13. gr. grunnreglugerðarinnar skulu fluglíðar eða öryggis- og þjónustuliðar, sem veita sem launþegar að jafnaði þjónustu sem varðar flugfarþega eða farm, í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, heyra undir löggjöf þess aðildarríkis þar sem heimahöfnin er, eins og hún er skilgreind í III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála⁽⁶⁾.

5b. Líta skal framhjá jaðarstarfsemi við ákvörðun á gildandi löggjöf skv. 13. gr. grunnreglugerðarinnar. Ákvæði 16. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar skulu gilda um öll tilvik samkvæmt þessari grein.“

⁽⁶⁾ Sjá EBL 373, 31.12.1991, bls. 4.

3) Í stað annars málsliðar 1. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„Stofnunin skal gefa út til handa hlutaðeigandi einstaklingi þá staðfestingu, sem um getur í 2. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar, og án tafar gera upplýsingar um þá löggjöf, sem á við um þennan einstakling skv. b-lið 3. mgr. 11. gr. og 12. gr. grunnreglugerðarinnar, aðgengilegar stofnuninni sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem starfsemin er stunduð.“

4) Í stað 2. mgr. 54. gr. komi eftirfarandi:

„2. Við beitingu 3. mgr. 62. gr. grunnreglugerðarinnar skal þar til bær stofnun í aðildarríkinu, þar sem hlutaðeigandi einstaklingur heyrði undir löggjöf í síðasta starfi sínu sem launþegi eða sem sjálfstætt starfandi einstaklingur, veita stofnun á búsetustað, að hennar beiðni, tafarlaust allar þær upplýsingar sem hægt er að fá í aðildarríkinu þar sem stofnunin er staðsett og eru nauðsynlegar til að reikna út atvinnuleysisbætur, sérstaklega varðandi laun eða tekjur af sjálfstæðri starfsemi.“

5) Ákvæðum 55. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Til að mál hins atvinnulausa, sem fer til annars aðildarríkis, falli undir 64. gr. eða 65. gr. a í grunnreglugerðinni skal hann tilkynna þar til bæri stofnun um brottför sína fyrirfram og biðja um skjal sem vottar að hann eigi rétt á bótum samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 64. gr. grunnreglugerðarinnar.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7. Ákvæði 2.–6. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda að því er varðar stöðuna sem fellur undir 3. mgr. 65. gr. a í grunnreglugerðinni.“

6) Í stað 1. og 2. mgr. 56. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ef hinn atvinnulausi ákveður í samræmi við 2. mgr. 65. gr. eða 1. mgr. 65. gr. a grunnreglugerðarinnar að koma sér einnig á framfæri hjá vinnumiðlun í því aðildarríki, sem ekki veitir bæturnar, með því að skrá sig þar í atvinnuleit skal hann tilkynna það til stofnunar og vinnumiðlunar í aðildarríkinu sem veitir bæturnar.

Að beiðni vinnumiðlunar í aðildarríkinu, sem ekki veitir bæturnar, skal vinnumiðlunin í aðildarríkinu sem veitir bæturnar senda viðkomandi upplýsingar um skráningu atvinnulausa einstaklingsins og atvinnuleit hans.

2. Ef gert er ráð fyrir því í gildandi löggjöf viðkomandi aðildarríkja að hinn atvinnulausi uppfylli tilteknar skyldur og/eða geri tilteknar ráðstafanir til atvinnuleitar skulu skyldur hans og ráðstafanir til atvinnuleitar í aðildarríkinu, sem veitir bæturnar, hafa forgang.

Uppfylli hinn atvinnulausi ekki allar skyldur og/eða geri ekki allar ráðstafanir til atvinnuleitar í aðildarríkinu, sem ekki veitir bæturnar, skal það ekki hafa áhrif á greiðslu bóta sem eru veittar í hinu aðildarríkinu.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 22. maí 2012.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

N. WAMMEN

VIÐAUKI

Reglugerð (EB) nr. 883/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum X. viðauka er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað a-liðar í þættinum „HOLLAND“ komi eftirfarandi:

„a) Lög frá 24. apríl 1997 (*Wet Wajong*) um stuðning vegna vinnu og atvinnuráðninga fatlaðra ungmenna.“
 - b) Í þættinum „BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“:
 - i. c-liður falli brott,
 - ii. eftirfarandi liður bætist við:

„e) Tekjutengd atvinnuleysis- og stuðningsgreiðsla (velferðarlög (*Welfare Reform Act*) 2007 og velferðarlög (*Welfare Reform Act*) (Norður-Írlandi) 2007).“
- 2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka:
 - a) Í stað 2. liðar í þættinum „BÝSKALAND“ komi eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir a-lið 5. gr. þessarar reglugerðar og 7. gr. í VI. bindi laga um almannatryggingar (*Sozialgesetzbuch VI*) er einstaklingi, sem er skyldutryggður í öðru aðildarríki eða fær ellilífeyri samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, heimilt að ganga inn í kerfi fjálsra trygginga í Þýskalandi.“
 - b) Í þættinum „FRAKKLAND“ falli 1. liður niður.
 - c) Þættinum „HOLLAND“ er breytt sem hér segir:
 - i. í 1. mgr. falli g-liður brott,
 - ii. eftirfarandi liður bætist við 1. lið:

„h) Að því er varðar 1. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar skulu einstaklingar, sem um getur í ii. lið a-liðar í 1. lið þessa viðauka, sem dvelja tímabundið í Hollandi, eiga rétt á aðstoð í samræmi við þá skilmála sem stofnun á dvalarstað býður tryggðum einstaklingum í Hollandi, með hliðsjón af 1., 2. og 3. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 19. gr. sjúkratryggingalaga (*Zorgverzekeringswet*), sem og rétt á aðstoð sem kveðið er á um í lögum um sérstakan sjúkrakostnað (*Algemene wet bijzondere ziektekosten*).“
 - iii. Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:
 - a) Í inngangsorðum og í a-lið komi „almennra ellitrygginga“ í stað „hollenskra laga um almennar tryggingar vegna elli“.
 - b) Í fyrstu undirgrein b-liðar komi „framangreindri löggjöf“ í stað „þeirri löggjöf“.
 - c) Í annari undirgrein g-liðar komi „lögum um almennar tryggingar eftirlifenda“ í stað „hollenskum lögum um almennar tryggingar eftirlifenda sem voru á framfæri hins látna“.
 - iv. Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:
 - a) Í inngangsorðunum komi „laga um almennar tryggingar eftirlifenda“ í stað „hollenskra laga um almennar tryggingar eftirlifenda sem voru á framfæri hins látna“.
 - b) Í fyrstu undirgrein d-liðar komi orðin „framangreindri löggjöf“ í stað „þeirri löggjöf“.
 - v. Ákvæðum 4. liðar er breytt sem hér segir:
 - a) Í fyrsta undirlíð í i. lið a-liðar komi „lögum um tryggingar vegna fötlunar“ í stað „lögum um tryggingar vegna óvinnufærni“.
 - b) Í ii. lið a-liðar komi „lögum um örorkutryggingar fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga“ í stað „lögum um óvinnufærni sjálfstætt starfandi einstaklinga“.